



# Útvarpsræða: Dagur sameinuðu þjóðanna

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar 1929-1964.

Askja 4-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Utrampsnefnd á dögum S. þ. 24. okt. 1950.

Birtust í Mbl. 25/10/50.

Á tímum mikillar neyðar og sérstakra erfiðleika hafa menn löngum huggað sig við það, að betri dagar væru í vændum.

Þessi trú kemur fram í hinum elztu fræðum Íslendinga. Þannig segir í Völuspá frá því, að eftir að völvan hefur séð fold síga í mar og heiðar stjörnur hverfa af himni, þá

sér hún upp koma  
öðru sinni  
jörð úr ægi  
iðjagræna.

Enn í dag á því lík bjartsýni verulegan þátt í að hjálpa mönnum til að brjótask áfram, jafnvel þegar þeir eru lentir í hinum mestu ógöngum. En það er ekki eingöngu slík órökstudd trú á betri tíma, sem þá verður oft til bjargar, heldur gera menn sér ~~lit~~ í örðugleikunum ljósar en áður, hverjir gallar fylgja því ástandi, sem áður var, og hvaða orsakir liggja til þess, að svo illa er komið, sem raun ber vitni um.

Allt þetta hefur glögglega komið í ljós í heimsstyrjöldunum tveim, er háðar hafa verið á fyrri hluta þessarar aldar. Þjóðirnar sóttu baráttuprek í trúna á batnandi tíma og stjórnmálamennirnir undirbjuggu samtök, sem áttu að koma í veg fyrir, að nýjar styrjaldir brytust út.

Í styrjöldinni 1914-18 var mönnum sagt, að hún væri stríðið, til þess að enda öll stríð, og henni lauk með stofnun þjóðabandalags til að tryggja ævarandi frið.

Því miður varð mönnum ekki að þeirri von sinni. Áður en aldarfjórðungur var liðinn var ný styrjöld hafin, hinni fyrri ennþá ógurlegri.

Í lok þessarar síðari heimsstyrjaldar bundust ríkin enn samtökum til þess að koma í veg

fyrir nýjar styrjaldir. Í því skyni var samtökum Sameinuðu þjóðanna komið á fót fyrir rúmum 5 árum, og nú í dag eru rétt 5 ár, síðan stofnskrá þeirra gekk formlega í gildi.

Á þessum 5 árum hefur mjög reynt á samtök þessi, og með mismunandi hætti. Starf þeirra að ýmskonar mannúðar- og félagsmálum er mikilsvert og hefur yfirleitt tekizt mjög vel. Það er að vísu ekki þess eðlis, að það æsi mjög hugi manna eða veki hjá þeim stjórnlausa hriðningu. Engu að síður mundi margt fara mun ver í heiminum, ef þetta starf væri ekki unnið og hefði ekki verið unnið jafn vel og gert hefur verið.

En samskonar störf voru einnig unnin í þjóðabandalaginu sáluga milli heimsstyrjaldanna tveggja og verður að játa, að þrátt fyrir mikilvægi þeirra starfa, náði sú stofnun ekki megin tilgangi sínum, heldur reyndist ein þeirra fögru hugsjóna, sem ekki hafa rætzt.

Þjóðabandalagið leið undir lok vegna þess að því tókst ekki að halda uppi lögum og rétti í heiminum. Árásarríkin urðu æ sterkari, þangað til friðarstofnunin sjálf fékk andlát í hinni mestu styrjöld, sem yfir mannkynið hefur komið.

Að þessu var langur aðdragandi.

Þjóðabandalaginu tókst lengi vel að gera út um hin minni háttar deiluatríði, einkanlega ef deiluaðilarnir áttu ekki mikið undir sér.

En þegar stórveldið Japan réðist inn í Mansjúríu árið 1931 gat þjóðabandalagið ekki að gert. Nokkrum árum síðar lét einvaldurinn Mussólíni ríki sitt ráðast á Abbesíníu, að ósekju. Þá reyndi þjóðabandalagið í fyrstu að láta málið til sín taka, en aðgerðir þess voru slíkt kák, að árásaraðilinn átti augljósum sigri að fagna. Eftir það rak hver atburðurinn annan

með skömmu millibili, þangað til lengur varð ekki við neitt ráðið og heimsbyggðin logaði öll í ófriðarbáli.

Um skeið virtist svo, sem saga Sameinuðu þjóðanna yrði hin sama. Samtökum þeirra hefur að vísu tekizt að ráða fram úr ýmsum minni háttar alþjóðlegum deilum. Þing þess og aðrar samkomur hafa átt mikinn þátt í að skapa heilbrigt almenningssálit í alþjóðamálum, og þar hefur verið vettvangur, þar sem deiluaðilar og aðrir hafa getað hitzt og borið saman ráð sín.

Samtökin hafa einnig átt verulegan þátt í að koma í veg fyrir, að enn verra hlytist af ýmskonar meiri háttar ágreiningi, sem upp hefur komið. Deilurnar um Persíu, Indónesíu og Gyðingaland hefðu allar getað leitt til stórstyrjalda, ef sáttastarfs Sameinuðu þjóðanna hefði ekki notið við.

Þó fer því fjarri, að enn sé búið að leysa deiluna milli Indlands og Pakistan um Kasmír og enn hefur ekki fundist framkvæmanleg lausn á hver eigi að verða framtíð Jerúsalemborgar.

Í Grikklandi hafa Sameinuðu þjóðirnar stuðlað að því að eyða hinum dulbúnu árásum á grísku þjóðina frá nágrannaríkjum hennar. En enn hefur Sameinuðu þjóðunum ekki tekizt að bæta úr því freklega broti, sem framið hefur verið á grísku þjóðinni, að frá henni hefur verið rænt eða stolið nær 30 þúsund saklausum börnum, sem flutt hafa verið til nágrannaþjóðanna og þar eru alin upp í fjandskap við forna menningu sinnar eigin þjóðar.

Gegn þessum fáheyrða glæp ~~egen~~<sup>rit</sup> grísku þjóðina hafa Sameinuðu þjóðirnar staðið máttlausar, því að hinir seku hafa ekkert hirt um mótmæli þeirra.

Öll þessi atvik og ýmis fleiri, og þá ekki sízt það, að eitt stórveldanna hefur 46 sinnum beitt neitunarvaldi sínu í Öryggisráðinu og þar með komið

í veg fyrir, að vilji meiri hlutans fengi að ráða, hafa orðið til þess að ýmsir voru farnir að óttast, að örlög Sameinuðu þjóðanna yrðu hin sömu og þjóðabandalagsins forðum.

Þetta hefur gerbreytt nú á hinum síðustu mánuðum.

Árásin á Koreu eru hin miklu þáttaskipti í sögu þessara samtaka.

Sameinuðu þjóðirnar höfðu tekið að sér að koma upp sjálfstæðu ríki í Koreu. Þær settu sérstaka nefnd til þess að fylgjast með því starfi. Þeirri nefnd var með ofbeldi varnað að gegna starfi sínu í Norður-Koreu. Í Suður-Koreu fóru hinsvegar fram frjálslegar kosningar. Sjálfstætt ríki var þar stofnað undir verndarvæng Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna dvöldu fulltrúar þeirra þar, þegar ofbeldismennirnir í Norður-Koreu, sem neitað höfðu að hlýða fyrirætlum Sameinuðu þjóðanna, hófu árásina suður fyrir 38. breiddarbauginn í júní s.l.

Af öllu þessu var ljóst, að ekki var hægt að ögra Sameinuðu þjóðunum freklegar en gert var með þessari árás. Ef Sameinuðu þjóðirnar létu það hlutlaust, að Suður-Korea væri undirokuð, hlutu þær að bíða þann hnekk, að ekki yrði undir risið. En sem betur fór varð raunin önnur.

Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna á staðnum sendu þegar í stað skýrslu um árásina, og Öryggisráðið kom tafarlaust til fundar og skoraði á árásmennina að sjá að sér. Þegar sú áskorun varð árangurslaus skoraði Öryggisráðið á einstök ríki innan Sameinuðu þjóðanna, að hefjast handa um virka mótstöðu.

Bandaríkin létu ekki á sér standa og síðan hafa fjölmörg ríki með einum eða öðrum hætti lagt sinn skerf fram. Alls urðu ríkin 53, sem lýst hafa fordæmingu sinni á þessari tilefnislausu árás.

Nú er svo komið, að árársarmennirnir hafa verið hraktir burtu og skammt sýnist að bíða þess, að þeir missi alla fótfestu í Norður-Koreu, sem þeir höfðu áður aðsetur í og þaðan sem þeir hófu árásina. Var vitanlega nauðsynlegt að sjá um, að kúgun þeirra á þeim hluta landsins lyki einnig. Ekki sízt þar sem ella var viðbúið, að þeir notuðu fyrsta tækifæri til þess að hefja þaðan nýja árás.

Þessara aðgerða Sameinuðu þjóðanna mun lengi verða minnzt. Þær eru einstæður atburður í veraldarsögunni fram að þessu. Aldrei fyrr hafa ~~slík~~ alþjóðleg samtök verið þess megnuð að hnekkja með slíku sameinuðu átaki grimmdarfullri árás. Þó að ekkert annað lægi eftir Sameinuðu þjóðirnar en þetta eitt, hefðu þær með því réttlætt tilveru sína.

Hins ber að minnast, að óvenjuleg atvik voru þess valdandi, að Sameinuðu þjóðirnar gátu á þennan hátt komið til hjálpar.

Óumdeilanlegt er, að ef Rússar hefðu tekið þátt í störfum Öryggisráðsins í júní s.l. mundu þeir hafa beitt neitunarvaldi sínu gegn þessum aðgerðum.

Það var einnig mikilsverð forsenda þessara aðgerða, að fulltrúar Sameinuðu þjóðanna voru á staðnum, þegar árásin var gerð. Þess vegna reyndist miklu óhægara en ella fyrir árársarmennina að fá menn til að trúá því, sem þeir reyndu, að á þá hefði verið ráðist. Ótvíráð gögn voru fyrir hendi um, að þar snéru þeir sannleikanum alveg við. Um þetta hefði ríkt miklu meiri vafi, ef hlutlausir aðilar hefðu ekki verið til staðar, til að bera sannleikanum vitni.

Þá er einnig hætt við því, að árársarmönnum hefði tekizt, að gersigra Suður-Koreu, ef ekki hefði viljað svo til, að Bandaríkjamenn höfðu lið á næstu grösun, í Japan, og gátu því miklu fyrr en ella komið

til hjálpar. Þótti þó sumum um skeið, sem viðbrögð þeirra væri helzt til um seinan. Má þá nærri geta, hvernig farið hefði, ef þeir hefðu þurft að sækja alla leið frá heimastöðvum sínum.

Þessi atvik gera það að verkum, að yfirgnæfandi meiri hluti ríkjanna á þingi Sameinuðu þjóðanna er því fylgjandi, að nýir starfshættir skuli teknir upp. Allsherjarþingið á að fá meira vald en áður, þannig að ekkert eitt stórveldi geti með neitunarvaldi sínu í Öryggisráðinu gert samtök Sameinuðu þjóðanna með öllu máttlaus. Eins er ætlast til þess að betur verði en áður fylgzt með því, hvar hættur séu yfirvofandi, og að því er unnið, að Sameinuðu þjóðunum verði ætlað nokkurt lið frá hverju ríki, sem síðan geti tekið þátt í baráttunni gegn óréttmætri árás.

Sjálfsgagt finnst sumum, að allt séu þetta atburðir, sem varði okkur Íslendinga harla litlu.

Ekkert er fjær sanni en það.

Einangrun Íslands er úr sögunni, hvort sem mönnum líkar það betur eða ver. Samtök Sameinuðu þjóðanna eru mikilsverð fyrir öll friðsöm ríki, hvort sem þau eru stór eða smá. Mikilsverðust eru þau samt fyrir hinar smæstu og varnarminnstu þjóðir. Ef árásir og óréttur fá að ráða í heiminum, er fáum hættara en íslenzku þjóðinni.

Þess vegna lýsti íslenzka stjórnin sig sammála aðgerðum Öryggisráðsins í Koreumálinu á s.l. sumri og þess vegna hafa Íslendingar viljað láta sinn skerf af höndum með því að gefa barnahjálpinni alþjóðlegu nú 120 tonn af lýsi til líknarstarfa austur þar.

Þess vegna ber Íslendingum að gera sitt til þess að styrkja þau samtök, er miða að því að halda

uppi lögum og rétti og þar með friði í heiminum.

Þess vegna hafa fulltrúar Íslands með atkvæði sínu stutt að þeim endurbótum á starfsháttum Sameinuðu þjóðanna, sem nú eru ráðgerðar.

Enginn skyldi halda, að árásin á Koreu væri einstakt fyrirbæri. Fjarri fer, að svo sé. Árásin er vitni þess, að enn er mikilsráðandi í heiminum sá andi, sem ekki skirrist við að beita ofbeldi og rangsleitni til að knýja fram vilja sínn.

Á meðan þessi andi er jafn-öflugur og raun ber vitni um getur enginn verið öruggur. Gegn ofbeldinu og þeim óheilla-anda, sem því ræður, verða allir góðviljaðir menn að berjast, hver með þeim hætti, sem hann megnar og er hæfur til.

Í þeirri baráttu má enginn vera hlutlaus, heldur verða allir að hugleiða, hvernig þeir geti bezt orðið að gagni hinum góða málsstað sjálfum sér og öðrum til velfarnaðar.

Samtök Sameinuðu þjóðanna er eitt öruggasta vígi þessarar baráttu fyrir friði, rétti og öryggi í heiminum og þess vegna ber að óska þeim allra heilla og styðja þau og styrkja.